

Landsfundur Samtaka um kvennalista:

Kvennalistinn endurskoði starfsreglur sínar

Grundvallarspurningum varðandi stefnu Kvennalistans ósvarað

KVENNALISTAKONUR segjast styðja ríkisstjórnina til góðra mála og segja, að í stjórnarsáttmálanum megi finna margar góðar hugmyndir sem þær vilji styðja. Þær segjast þó alls ekki geta fallist á kaflann um launafyrstingu og samningsréttinn, og hann hafi ráðið úrslitum um það að þær gengu ekki til ríkisstjórnarsamstarfs. Þær segjast fylgjandi skattlagningu á hátekjufólk með því að taka upp annað tekjuskattsþrep. Á blaðamannafundi kvennalistakvenna í gær kom fram, að þær hafa ekki mótað með sér skoðanir á því, hvar eigi að draga mörkin varðandi nýtt

skattþrep. Á blaðamannafundinum var gerð grein fyrir niðurstöðum landsfundar Samtaka um kvennalista, sem var haldinn á Lýsuhóli á Snæfellsnesi um helgina.

Gagnrýni á vinnubrögð Kvennalistans

Kristín Ástgeirsdóttir gagnrýndi vinnubrögð Kvennalistans harðlega, og sagði að í sumar hafi of mikill tími og vinna farið í viðtöl við erlenda blaðamenn og ferðalög til annara landa þar sem vinnubrögð Kvennalistans voru kynnt, en minna hafi farið fyrir undirbúningi þess

sem framundan var hér heima. Frá því snemma vors hafi verið ljóst að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar væri að falli komin og stjórnarslit og jafnvel kosningar yfirvofandi. Skoðanakannanir hafi bent til gífurlegs fylgis Kvennalistans, sem gat þýtt allt að 18 þingsæti eftir kosningar, og framhjá svo stórum þingflokki yrði ekki hægt að ganga. Eftir stjórnarslitin hafi Kvennalistinn síðan beðið eftir því að hinir flokkarnir hefðu samband.

Kristín sagði vera þeirrar skoðunar að Kvennalistinn hafi komið illa út úr stjórnarmyndunarviðræðunum í augum almenningis. Þörf væri á að gera fólk ljóst að ekki hafi verið um að ræða kjarkleysi eða allsherjar andúð á því að taka þátt í ríkisstjórn, heldur pólitískt mat og grundvallarsjónarmið, sem ekki hafi verið hægt að hvika frá.

Kristín sagði að aukinn styrkur Kvennalistans gæfi tækifæri til að hafa áhrif, en áður en að því kæmi þyrfti að svara mörgum grundvallarspurningum, t.d. varðandi málamiðlanir og forgangsörð mála.

Seinvirkni í ákvarðanatöku


Nokkrar umræður urðu á landsfundinum um skipulag varðandi ákvarðanatöku á vegum Kvennalistans. Kom fram að mörgum þykir ríkjandi fyrirkomulag vera seinvirkt, en öll mál eru rædd í svokölluðum öngum í öllum kjördæmum áður en endanleg afstaða er tekin hverju sinni. Að margra áliti kemur þetta fyrirkomulag sér illa þegar þörf er skjótra ákvarðana. Það sem mælti með þessu fyrirkomulagi væri hins vegar að flest mál hefðu verið rædd ítarlega og skoðanir sem flestra væru komnar fram þegar ákvarðanir væru teknar. Ágreiningsmál væru þannig leyst jöfnum höndum innan samtakanna áður en til ákvarðanatöku kæmi.

Samþykkt að endurskoða starfsreglurnar

Á landsfundinum var samþykkt að endurskoða starfsreglur Samtaka um kvennalista og að laga þær breyttum aðstæðum. Í endurskoðuninni verði meðal annars miðað



Frá Landsfundi Samtaka um Kvennalista á Lýsuhóli.



Þegar tækifæri gafst brugðu konurnar sér í heita pottinn og hvíldu lúin bein.

við að framkvæmdaráð fái auknið vægi sem pólitískur vettvangur grasrótarinnar, verði samnefni heildarsamtakanna og eigi frumkvæði að stjórnsmálaumræðu og stefnumörkun milli landsfunda. Þá verði reglur um setu kvenna í framkvæmdaráði gerðar sveigjanlegri.

Útskiptingaregla á Alþingi

Nokkrar umræður urðu á landsfundinum um útskiptingareglu Kvennalistans á Alþingi. María Jóhanna Lárusdóttir vakti máls á þessari reglu, og lagði hún til að ákveðið yrði fyrir hvert þing hvaða varaþingkonur tækju þar sæti. Á fundinum kom fram að hlutfallslega fæstir varaþingmenn hafa komið inn á Alþingi á vegum Kvennalistans.

Ingbjörg Sólrún Gísladóttir varpaði fram þeirri hugmynd að þingkonur Kvennalistans færu af þingi að minnsta kosti tvær vikur á ári. Skyldu þær leggja 5% af launum sínum í sjóð sem notaður yrði til að greiða þingkonum laun, en stefna Kvennalistans er að sem

flestar konur taki þátt í þingstörfum.

Á landsfundinum var lögð áhersla á að allar konur á listum kjörinna fulltrúa á Alþingi séu varaþingkonur, og ákveðið verði fyrir 15. september ár hvert hverjar séu virkar varaþingkonur og komi inn á þingið. Þá verði stefnt að því að hver þingkona fari að minnsta kosti hálfan mánuð á hverju ári út af þingi, og var skipuð nefnd til að gera um það tillögur hvernig fjármagna skyldi þessar útskiptingar af þingi.

Umræður um efnahagsmál

Í umræðum um efnahagsmál komu fram áhyggjur kvenna frá öllum landshlutum og úr öllum atvinnugreinum vegna ríkjandi efnahagsástands. Vinnuálag kvenna hefði aukist mikið síðustu ár, en meðaltekjur þeirra minnkað í sam- anburði við meðaltekjur karla.

Hörð gagnrýni kom fram á það sem kallað var hentistefna og jafnvel stefnuleysi í sjávarútvegsmálum, og skipulagsleysi og milliliðakerfi í landbúnaði ver einnig gagnrýnt á fundinum.

Tími Kvennalistans ekki kominn

Guðrún Agnarsdóttir sagði að hún teldi að það hafi verið rétt ákvörðun að taka ekki þátt í ríkisstjórn. Hún sagði að Kvennalistinn ætlaði ekki að versla með hugmyndir sínar, þó alltaf þyrfti að grípa til einhvers málamiðlana í ríkisstjórnarsamstarfi. Hún sagði að tími Kvennalistans væri ekki enn kominn, en kvaðst þess þó fullviss að hann kæmi, og þá til þess að hafa áhrif, en ekki til þess að vera skrautfjaðrir.

Tilverukvöld hjá AFS

Skiptinemasamtökin AFS á Íslandi gangast fyrir svokölluðu tilverukvöldi á Skúlagötu 61, 4. hæð í kvöld, þriðjudag, kl. 20.30.

Þetta er í annað sinn sem samtökin gangast fyrir tilverukvöldi, síðast var Suður-Ameríka til umfjöllunar en í kvöld fjallar Óskar Ólafsson um líf í bandarískum smábæjum.

Allir félagsmenn og annað áhugafólk er velkomið.

(Fréttatilkynning)

Landsfundur Samtaka um kvennalista:

Áskorun til samtaka launafólks í landinu

Á landsfundi Samtaka um kvennalista var samþykkt til laga þar sem skorað er á samtök launafólks í landinu að taka upp markvissa baráttu fyrir bættri stöðu kvenna í samfélaginu. Beinir fundurinn sérstaklega þeim tilmælum til fulltrúa á væntanlegu þingi ASÍ að þeir taki þessi mál til sérstakrar umfjöllunar. Aðstæður kvenna verði ekki bættar með því einu að hvetja konur til aukinnar menntunar, til virkari þátttöku í stéttarfélögum og til að gefa kost á sér í forystustörf, þar sem því séu takmörk sett hvað ein kona geti á sig lagt.

Í ályktuninni segir að í stað þess að gerðar séu sífellt auknar kröfur til kvenna sé löngu tíma- bært að gera kröfur til karla, jafnt í einkalífi sem á opinberum vettvangi um að þeir axli sinn hluta af þeirri ábyrgð og þeirri vinnu sem fylgir umönnun barna og

heimilishaldi. Reynslan sýni að þó unnið sé að úrbótum á stöðu kvenna á vinnumarkaði og í stjórnkerfi, þá skili það eitt mjög takmörkuðum árangri ef staða og ábyrgð kvenna á heimilunum helst óbreytt. Við þær aðstæður sé það eitt brýnasta hagsmunamál kvenna, og ekki síður barna, að tryggðar verði félagslegar úrbætur, svo sem dagvistun fyrir öll börn sem á þurfa að halda, lengra fæðingarorlof, sem nýtist jafnt konum sem körlum, samfelldur skóladagur barna og launað leyfi foreldra frá vinnu vegna veikinda barna.

Það er mat landsfundarins að verkalyðshreyfingin verði nú að beita samtakamátti sínum í þágu þess hóps innan hennar sem verst er settur, þ.e. í þágu kvenna. Hún þurfi að móta skýrar kröfur um félagslegar úrbætur og standa fast á þeim í komandi kjarasamningum.